

97

12. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-lið 1. gr. laganna skal orða svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.

2. gr.

Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í e-lið 1. gr. laganna komi: í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

98

12. des.

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal það fylgifié hverrar fasteignar, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða haftalaus eign eiganda fasteignarinnar.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.